

Ársskýrsla Aleflis 2017

Aðalfundur haldinn 24. maí 2017 á Landsbókasafni Íslands

Stjórn 2016-2017

Hólmfríður Gunnlaugsdóttir formaður (2017)

Lísa Z. Valdimarsdóttir ritari (2018)

Viggó Gíslason gjaldkeri (2017)

Þórný Hlynsdóttir (2018)

Ásdís Hafstað og Unnur Valgeirsdóttir gengu úr stjórninni og inn komu Lísa Z. Valdimarsdóttir (Bókasafn Kópavogs) og Þórný Hlynsdóttir (Háskólinn á Bifröst) í þeirra stað.

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á árinu auk þess sem stjórn var í samskiptum í gegnum tölvupóst á milli funda.

Helstu verkefni stjórnarinnar eru samskiptin við starfsmenn Landskerfis bókasafna. Einnig velur stjórn þrjá fulltrúa í skráningarráð. Þeir fulltrúar eru þeir sömu og í fyrra: Þóra Sigurbjörnsdóttir Borgarbókasafni Reykjavíkur, Áslaug Þorfinnsdóttir Bókasafni Hafnarfjarðar og Rósa S. Jónsdóttir Bókasafni Orkustofnunar sem er formaður ráðsins.

Það sem helst hefur verið til umræðu þennan veturinn er val á nýju bókasafnskerfi. Nýtt bókasafnskerfi mun þurfa að taka við af ALEPH því engar uppfærslur eru framundan á því kerfi. Stjórn mætti eins og hún gat á alla þá fundi og kynningar sem í boði voru vegna þessa verkefnis. Fjögur kerfi hafa verið kynnt til sögunnar sem mögulegir arftakar Gagnis. Þau eru VMS frá OCLC, Folio frá EBSCO, Sierra frá Innovative og Alma frá Exlibris.

Öll hafa þessi kerfi eitt og annað til síns ágætis en sum kannski meira en önnur. Hægt er að kynna sér öll kerfin á heimasíðu Landskerfis.

Tveir samráðsfundir með Landskerfi voru haldnir á árinu. Landskerfi kynnti ýmsar hugmyndir sem það hefur verið að vinna að varðandi valið á nýju kerfi og þar er lögð rík áhersla á að það sé eitt samræmt kerfi fyrir öll bókasöfn, eins og nú er. Þegar að vali á kerfi kemur þarf að setja í gang vinnuhópa. Takast þarf t.d. á við umsýslu efnis (innkaup, tölfraði o.fl.), lánþega og lánþegaskráningu, gagnavinnslu, rafræna skráningu, birtingu á vef og að lokum það sem snýr að notandanum sem er sjálft útlánið. Rafræn lán, millisafnalán, tilkynningar til lánþegans og fleira.

Verið er að vinna að þarfagreiningu vegna breytinga á bókfræðigögnum í kjölfar RDA innleiðingar. Stöðugt er unnið að ýmsum leiðréttingum á gögnunum. Þetta er vinna sem unnin er að mestu hjá Landskerfi og á Landsbókasafni Íslands.

Umræða var á fundi með Landskerfi um framtíð Aleflis og hlutverk þess. Telur stjórn nauðsynlegt að hafa þennan hóp sem bakland. Bæði fyrir þá sem vinna með bókasafnskerfið og einnig fyrir Landskerfi sem þjónustar það. Þar sem tilgangur félagsins er að leita að og miðla upplýsingum til mismunandi safna er nauðsynlegt að hver safnaeining eigi sinn fulltrúa. Að mörgu er að huga þegar kerfi er valið og hefur stjórnin rætt þarfir mismunandi hópa og stjórnunareininga. Við leggjum áherslu á að hagsmuna allra hópa innan kerfisins sé gætt. Því teljum við nauðsynlegt að hafa fulltrúaráðið þar sem fulltrúar allra stjórnunareininganna eiga sæti.

Upp kom sú hugmynd að fulltrúi Aleflis færi , ásamt starfsmönnum Landskerfis, á notendaráðstefnur sem haldnar eru erlendis árlega og mun stjórn Aleflis skoða það.

Unnið er að nýju útliti að leitir.is. Upphafssíðan verður eflaust svipuð en einfaldari í uppsetningu. Vonast var til að byrjað yrði að skoða nýtt útlit með fulltrúum Aleflis í upphafi árs 2017 en það dregst eitthvað fram á árið.

Nú í upphafi árs 2017 var Rafbókasafninu hleypt af stokkunum að frumkvæði Borgarbókasafns. Í Rafbókasafninu er hægt að fá bækur og hljóðbækur að láni. Nær eingöngu er um erlendar bækur að ræða eins og er en vonandi verða íslenskar bækur hluti af safnkostinum áður en langt um líður. Fleiri bókasöfn bætast svo í hópinn smám saman.

Rafbókasafnið er leitarhæft í Gegni en þurft hefur að laga færslurnar heilmikið til að þær falli að færslunum sem fyrir eru í kerfinu. Sú vinna hefur farið fram á Borgarbókasafni, Landsbókasafni og Landskerfi.

Stjórn lét á árinu útbúa netfang fyrir fulltrúaráðið og nú er því hægt að senda tölvupóst á alla þá sem eru í ráðinu, einfaldlega með því að senda á póstfangið fulltruarad@alefli.is Stjórnin sá mikla hagræðingu í því þegar vinna við nýtt kerfi fer af stað.

Undirbúningur að notendaráðstefnu Aleflis tók mestan tíma stjórnar nú á vorönn. Margt er í deiglu og margt að gerast og því hægt að setja saman spennandi dagskrá. Sveinbjörg Sveinsdóttir hjá Landskerfi segir frá stöðu mála við val á nýju kerfi og Úlfhildur Dagsdóttir segir frá Rafbókasafninu. Hvernig hefur verið valið inn efni og hvernig það gengur. Sigrún Hauksdóttir hjá Landskerfi segir frá samstarfi Landskerfis og bókasafna við val á nýju kerfi og Þórný Hlynsdóttir lýkur svo ráðstefnunni með hugleiðingum um nýtt kerfi og tækifærin sem felast í því.

Reykjavík, maí 2017

Hólfríður Gunnlaugsdóttir, formaður